



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

2. febrúar 2012

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli EA fjárfestingarfélags hf. gegn Fjármálaeftirlitinu

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi hinn 24. október 2011 í máli EA fjárfestingarfélags gegn Fjármálaeftirlitinu. Niðurstaða dómsins var að felld var úr gildi ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins frá 31. maí 2011 um álagningu stjórnvaldssektar á EA fjárfestingarfélag vegna brots gegn 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, um takmarkanir á stórum áhættum.

Fjármálaeftirlitið birti tilkynningu á vefsíðu sinni þann 23. ágúst 2011 þar sem greint var frá umræddri ákvörðun. Stjórnvaldssektin nam upphaflega 30 milljónum króna en var endurskoðuð í ljósi breyttra aðstæðna félagsins og ákveðin 15 milljónir króna.

Fjármálaeftirlitið hefur áfrýjað dómnum til Hæstaréttar.

[Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október 2011 í máli nr. E-3002/2011 EA fjárfestingarfélag hf. gegn Fjármálaeftirlitinu.](#)

[Fyrri tilkynning Fjármálaeftirlitsins þann 23. ágúst 2011: Stjórnvaldssekt lögð á MP banka hf., nú EA fjárfestingarfélag hf., vegna brots gegn 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um takmarkanir á stórum áhættum.](#)